

Fundur 25.september.03

Endurrit fundargerðar stjórnar Barmahlíðar 25.09.03

Ár 2003 þann 25. september kl. 20:00 kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar auk Valgerðar Baldursdóttur hjúkrunarforstjóra og Einars Arnar Thorlacius sveitarstjóra. Formaður tilkynnti seinkun Bjarkar um nokkrar mínútur.

1) Nýafstaðnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur á Hellisbraut 57, Barmahlíð. Miklar endurbætur hafa átt sér stað bæði innan- og utandyra sem formaður stjórnar gerði grein fyrir. (Björk mætti kl. 20:20). Enn fremur hefur verið ákveðið að innrétta eitt stakt óinnréttað rými á efri hæð Barmahlíðar, norðurenda. Rætt um svalahandrið sem vantar á báða gafla. Samþykkt að nota gömlu handriðin áfram með nýjum ryðfríum festingum. Nauðsynlegt er að hafa stiga niður á jörð við báðar svalir sem flóttaleið. Leita skal aðstoðar byggingafulltrúa við útfærsluna. Enn fremur þarf að útbúa skjólvegg við aðalinngang. Valgerður benti á að laga þarf gólf í baðherbergi.

2) Brunavarnir í Barmahlíð, tvö tilboð (Securitas og Öryggismiðstöð Íslands) liggja fyrir í brunaviðvörunarkerfi. Securitas er kr. 800.038,- m/vsk. en Öryggismiðstöðin býður kr. 744.424,- m/vsk. Formaður stjórnar sagðist hafa ráðfært sig við Hilmar Óskarsson rafvirkja í Búðardal og sagðist mæla með hærra tilboðinu. Meiri þekking væri á Securitas-kerfunum á svæðinu og þau hefðu reynzt mjög vel. Nefndin mælir með að gengið verði til samninga við Securitas um brunaviðvörunarkerfi.

3) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (skýrsla um útreikning á daggjöldum). Um er að ræða skýrslu um útreikning á daggjöldum 30 manna hjúkrunarheimilis sem unnin er af Finnboga Björnssyni og Ásgeiri Ingvasyni fyrir stjórn sambandsins. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna. Enn fremur var rætt um í hvers verillkahring það er að taka ákvarðanir um nýja vistmenn þegar pláss losnar. Stjórn Barmahlíðar telur að starfandi hjúkrunarforstjóri eigi að taka slíkar ákvarðanir. Rætt var um slæma reynslu af Sjúkrahúsi Akraness sem sendir jafnvel dauðvona sjúklinga eða fárveika aftur til baka í Barmahlíð. Sveitarstjóra og hjúkrunarforstjóra falið að koma skriflegum kvörtunum á framfæri.

4) Starfsmannamál. Hjúkrunarforstjóri greindi frá því að henni líkaði vel dvölin hér og hygðist halda starfinu áfram. Nokkuð vel gengi að manna Barmahlíð. Náðst hefði samkomulag við Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjúkrunarfræðing um að hún tæki bakvaktir á fríðögum Valgerðar og Ingibjörg tæki jafnframt ábyrgð á að manna þær bakvaktir ef hún gæti ekki tekið þær sjálf.

Önnur mál:

a) Rætt um kostgangarafæði í Barmahlíð. Matráður í Barmahlíð hefur óskað eftir umbun vegna aukaálags við kostgangarafæði. Sveitarstjóra falið að leysa málið.

b) Húsreglur fyrir Barmahlíð. Sveitarstjóri kynnti drög að húsreglum fyrir leigutaka. Samþykkt.

c) Föndur í Barmahlíð. Valgerður greindi frá því að starfsfólk Barmahlíðar væri til í að taka þetta að sér ef engin umsókn bærisk. Umsóknarfrestur um starfið rennur út 26. september.

d) Valgerður greindi frá því að hún hygðist kaupa nýja stóla í setustofu, enda væru til peningar í tombólusjóði.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 23:02

Gústaf Jökull Ólafsson
Egill Sigurgeirsson
Björk Bárðardóttir
Valgerður Baldursdóttir
Einar Örn Thorlacius (ritar)